

Tryggingarsjóður
innstæðueigenda og fjárfesta
Ársreikningur 2008

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Kt. 510400-3560

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Innstæðudeild:	
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Verðbréfadeild:	
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Sjóðstreymi	13
Skýringar	14

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999. Samkvæmt samþykktum sjóðsins starfar hann í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, skulu heildareignir innstæðueiðdar nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og uppfyllir sjóðurinn það skilyrði ekki í árslok 2008.

Á grundvelli neyðarlaga sem Alþingi samþykkti 6. október 2008 yfirtók Fjármálaeftirlitið vald hluthafafunda viðskiptabankanna þriggja, Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. 7. – 9. október 2008. Samhliða var stjórnnum bankanna vikið frá og þeim skipaðar skilanefndir sem yfirtóku réttindi og skyldur stjórnanna. Nýir bankar voru stofnaðir til að taka við ákveðnum þáttum af rekstri gömlu bankanna. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að skuldbinding sem hvílir á Tryggingarsjóði gagnvart innstæðueigendum hefur orðið virk en ekki er vítað hversu há fjárútlát sjóðsins verða.

Við útreikning á inngreiðsluþörf í sjóðinn á árinu 2009 var miðað við að engar eignir væru í sjóðnum og yrði því innheimt frá grunni. Miðað við þá útreikninga er gert ráð fyrir að innheimta þurfi um 2.415 millj. kr. hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins og að auki þurfi þeir að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 13.685 millj. kr.

Eignir sjóðsins eru í fjárvörslu skv. samningum þar um hjá Nýja Kaupþingi og MP fjárfestingabanka. Fjárfestingarstefna sjóðsins er í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf séu 30-75% af eignum sjóðsins, 15-55% erlend ríkisskuldabréf og 0-15% erlend hlutabréf. Fjárvörsluaðila er óheimilt að hafa vægi ríkisskuldabréfa minna en 70% af vörslufé og er þá bæði átt við innlend og erlend ríkisskuldabréf.



Á árinu 2008 var eingöngu innheimt árgjald vegna nýrra aðildarfélaganna verðbréfadeildar. Samkvæmt ákvæðum um verðbréfadeildina í framangreindum lögum skulu heildareignir deildarinnar nema að lágmarki 100 millj. kr., í árslok en eigið fé nam um 199,3 millj. kr.

Þann 9. mars 2009 yfirtók Fjármálaeftirlitið vald hluthafafundar Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. og vék stjórn félagsins frá og skipaði félaginu skilanefnd. Síft hið sama gerði Fjármálaeftirlitið 21. mars 2009 gagnvart Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. og 28. mars 2009 gagnvart Sparisjóðabanka Íslands hf. Ekki er talið líklegt að skuldbinding falli á Tryggingarsjóð vegna þessa en staðfesting þess efnis liggur ekki fyrir.

Eins og kemur fram hér að framan og í skýringu 2 með ársreikningnum ríkir veruleg óvissa um fjárhæð skuldbindingar sem hvílir á Tryggingarsjóði vegna falls Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. Vegna óvissunnar hefur skuldbindingin ekki verið færð í ársreikning sjóðsins. Að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara staðfesta stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og framkvæmdastjóri ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 2. júní 2009

Stjórn



Framkvæmdastjóri:



STAÐFESTING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Viðskiptaráðuneytið 2. júní 2009.



Viðskiptaráðherra.



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Fyrirvari


Eins og kemur fram í skýringu 2 með ársreikningnum ríkir veruleg óvíska um fjárhæð skuldbindingar sem hvílir á sjóðnum vegna falls Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. Vegna óvissunnar hefur skuldbindingin ekki verið færð í ársreikning sjóðsins.

Álit

Það er álit okkar, að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 2. júní 2009

KPMG hf.



Sigríður Þórunn
Auður Þórisdóttir

Rekstrarreikningur árið 2008

- innstæðudeild

	Skýr.	2008	2007
Tekjur			
Framlög aðildarfyrirtækja	3	3.068.372.220	1.315.767.000
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		5.150.598.491	314.285.464
		<u>8.218.970.711</u>	<u>1.630.052.464</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		10.518.610	6.219.492
Annar rekstrarkostnaður		15.385.054	11.230.236
Umsýsluþóknanir og árangurstengdar þóknanir	5	71.733.585	44.626.833
Fjármagnstekjuskattur		309.658.635	33.401.238
		<u>407.295.884</u>	<u>95.477.799</u>
Tekjur umfram gjöld	7	<u>7.811.674.827</u>	<u>1.534.574.665</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

- innstæðudeild

Eignir

	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Bankainnstæður og verðbréf			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		636.624.361	32.554.624
Verðbréf	4,6	15.854.718.851	8.392.260.230
		<u>16.491.343.212</u>	<u>8.424.814.854</u>
Aðrar eignir			
Krafa á aðildafélög vegna ábyrgðaryfirlýsinga	3	15.283.973	0
Krafa á verðbréfadeild		1.245.928	7.078.150
		<u>16.529.901</u>	<u>7.078.150</u>
Eignir samtals		<u>16.507.873.113</u>	<u>8.431.893.004</u>

Eigið fé og skuldir

		31.12.2008	31.12.2007
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur		278.059.564	51.051.534
Aðrar skammtímaskuldir	8	84.538.538	47.241.284
		<u>362.598.102</u>	<u>98.292.818</u>
Eigið fé			
Eigið fé	7	16.145.275.013	8.333.600.186
		<u>16.145.275.013</u>	<u>8.333.600.186</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>16.507.873.114</u>	<u>8.431.893.004</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2008 - innstæðudeild

	Skýr.	2008	2007	
Rekstrarhreyfingar				
Tekjur umfram gjöld		7.811.674.827	1.534.574.665	
Breytingar á rekstrartengdum eignum	(7.471.910.373)	(1.552.875.156)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum		<u>264.305.284</u>		<u>9.673.386</u>
Hækkun á handbæru fé		604.069.737	(8.627.105)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>32.554.624</u>		<u>41.181.729</u>
Handbært fé í árslok		<u>636.624.361</u>		<u>32.554.624</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
- b. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
- c. Viðskiptabóknanir eru færðar til lækunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknarir og föst umsýslubókun fyrir fjárvörslu eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

2. Skuldbindingar

Þann 6. október 2008 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Þessi lög fela það m.a. í sér að við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði er Fjármálaeftirlitinu fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Á tímabilinu 7.-9. október 2008, tók Fjármálaeftirlitið yfir stjórn þriggja stærstu viðskiptabanka landsins, Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf.

Ekki liggur fyrir mat á því hversu há skuldbindingin er sem fallið hefur á sjóðinn vegna falls framangreindra viðskiptabanka og munu þær upplýsingar væntanlega ekki verða tiltækar fyrr en eignir bankanna hafa verið seldar.

Vegna óvissu um fjárhæð skuldbindingar sjóðsins vegna falls framangreindra viðskiptabanka hefur skuldbindingin ekki verið færð í ársreikning sjóðsins.

3. Framlög aðildarfyrirtækja

Samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðustæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skal heildareign innstæðudeildar tryggingasjóðsins að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári þó þannig að hámarksgreiðsla á hverjum tíma skal nema 0,15% af meðalstöðu tryggðra innlána á næstliðnu ári og skulu aðildarfélög gefa út ábyrgðaryfirlýsingar fyrir því sem á vantar. Eftir fall Glitnis banka hf, Landsbankans Íslands hf. og Kaupþings banka hf. sendi sjóðurinn aðildarfélögum tilkynningu um að ákveðið hefði verið að nýta heimild 3. mgr. 6. gr. laga nr. 98/1999 til innheimtu ábyrgða.

Útgefnar ábyrgðaryfirlýsingar aðildarfélaga námu samtals 6.045 m.kr. Ábyrgð hvers aðildarfélags takmarkast þó árlega við 10% af lágmarksstærð sjóðsins, reynist sú fjárhæð lægri. Ábyrgð eins aðildarfélags, Landsbankans, var yfir þessum mörkum eða um 17,7%.

Stjórn sjóðsins óskaði eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins til þess hvort í ákvörðunum eftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. hefði falist að nýju bankarnir, þ.e. Íslandsbanki hf., NBI hf. og Nýi Kaupþing banki hf. hefðu tekið yfir skuldbindingar samkvæmt þeim ábyrgðaryfirlýsingum sem gömlu bankarnir höfðu gefið út. Afstaða Fjármálaeftirlitsins var á þá leið að ábyrgðaryfirlýsingarnar falli ekki undir þær ábyrgðir sem nýju bankarnir tóku yfir á grundvelli ákvarðana Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda gömlu bankanna og samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hefur innheimta miðast við þá afstöðu. Kröfum á Glitni banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþing banka hf. verður lýst á hendur þeirra en kröfurnar hafa verið færðar niður í ársreikningi sjóðsins vegna óvissu um hvort þær muni greiðast. Krafa á hendur Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. og dótturfélag hans Nb.is sparisjóð var ógreidd í árslok og hefur verið færð niður en eins og kemur fram í skýr. 10 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar félagsins 21. mars s.l. Þessar kröfur nema samtals 4.203 millj. kr.



Skýringar, frh.:

3. Framlög aðildarfyrtækja, frh.

Framlög aðildarféлага greinast sem hér segir:	2008	2007
0,15% af meðalstöðu tryggðra innlána næstliðins árs	2.537.392.619	1.315.767.000
Tekjufærð framlög vegna ábyrgðaryfirlýsinga	530.979.601	
Tekjufærð framlög samtals	<u>3.068.372.220</u>	<u>1.315.767.000</u>
Tekjufærsla vegna útgefna ábyrgðaryfirlýsinga greinist sem hér segir:		
Útgefnar ábyrgðaryfirlýsingar	6.044.961.564	0
Lækkun vegna takmörkunar ábyrgðar vegna 10% hámarks	(1.311.019.154)	0
Niðurfærðar kröfur	(4.202.962.809)	0
Tekjufærð framlög vegna ábyrgðaryfirlýsinga	<u>530.979.601</u>	<u>0</u>
Innheimta í sjóðinn var byggð á eftirfarandi fjárhæðum:		
1% af meðalstöðu tryggðra innlána næstliðins árs	16.915.955.000	8.771.780.000
Eigið fé sjóðsins í árslok næstliðins árs	(8.333.600.186)	(6.799.025.521)
Til innheimtu í formi greiðslna og ábyrgðaryfirlýsinga	<u>8.582.354.814</u>	<u>1.972.754.479</u>
0,15% af meðalstöðu tryggðra innlána næstliðins árs	2.537.393.250	1.315.767.000
Útgefnar ábyrgðaryfirlýsingar	6.044.961.564	656.987.479
Til innheimtu í formi greiðslna og ábyrgðaryfirlýsinga	<u>8.582.354.814</u>	<u>1.972.754.479</u>

4. Eignir í fjárvörslu

Eignir sjóðsins eru í fjárvörslu skv. samningum þar um hjá Nýja Kaupþing banka og MP fjárfestingabanka. Fjárfestingarstefna sjóðsins er í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf séu 30-75% af eignum sjóðsins, 15-55% erlend ríkisskuldabréf og 0-15% erlend hlutabréf. Fjárvörsluaðila er óheimilt að hafa vægi ríkisskuldabréfa minna en 70% af vörslufé og er þá bæði átt við innlend og erlend ríkisskuldabréf.

5. Þóknanir

Árangurstengdar þóknanir og fastar umsýsluþóknanir vegna fjárvörslu greinast sem hér segir:

Fastar umsýsluþóknanir	26.718.710	17.168.063
Árangurstengdar þóknanir	45.014.875	28.233.752
	<u>71.733.585</u>	<u>45.401.815</u>

6. Verðbréf

Verðbréf greinast þannig:	2008	2007
Bankareikningar	145.981.379	12.126.517
Innlend skuldabréf	8.388.865.053	4.756.212.337
Erlend skuldabréf	6.803.810.124	2.826.074.530
Erlend hlutabréf	516.062.295	797.846.846
	<u>15.854.718.851</u>	<u>8.392.260.230</u>

7. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2008	2007
Eigið fé 1.1	8.333.600.186	6.799.025.521
Tekjur umfram gjöld	7.811.674.827	1.534.574.665
Eigið fé 31.12	<u>16.145.275.013</u>	<u>8.333.600.186</u>

Skýringar, frh.:

8. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2008	2007
Ógreiddar þóknanir vegna fjárvörslu	71.733.585	44.626.833
Aðrar skammtímaskuldir	12.804.953	2.614.451
	<u>84.538.538</u>	<u>47.241.284</u>

9. Útreikningur á inngreiðsluþörf á sjóðinn á árinu 2009 hefur farið fram. Við útreikning á inngreiðsluþörfinni var miðað við að engar eignir væru í sjóðnum og yrði því innheimt frá grunni. Miðað við þá útreikninga er gert ráð fyrir að innheimta þurfi um 2.415 millj. kr. hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins og að auki þurfi þeir að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 13.685 millj. kr.

10. Atburðir eftir reikningsskiladag

Þann 9. mars 2009 yfirtók Fjármálaeftirlitið vald hluthafafundar Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. og vék stjórn félagsins frá og skipaði félaginu skilanefnd. Slíkt hið sama gerði Fjármálaeftirlitið 21. mars 2009 gagnvart Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. og 28. mars 2009 gagnvart Sparisjóðabanka Íslands hf.

Samkvæmt 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 hefur vegna ofangreindra tilvika stofnast til greiðsluskyldu sjóðsins gagnvart viðskiptavinum Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf., Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. sem ekki hafa fengið greiddar innstæður sínar, í samræmi við ákvæði laganna. Líklegt er að ekki falli skuldbindingar á Tryggingarsjóð vegna þessa en ekki liggur fyrir staðfesting þess efnis.

Rekstrarreikningur ársins 2008

- verðbréfadeild

	Skýr.	2008	2007
Tekjur			
Framlög aðildarfirmatækja	2	785.839	0
Aðrar tekjur		0	18.252.180
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		65.543.266	8.540.342
		<u>66.329.105</u>	<u>26.792.522</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		134.225	108.146
Annar rekstrarkostnaður		498.861	195.022
Umsýsluþóknarir og árangurstengdar þóknarir		915.377	774.982
Fjármagnstekjuskattur		3.931.648	859.011
		<u>5.480.111</u>	<u>1.937.161</u>
Tekjur umfram gjöld	4	<u><u>60.848.994</u></u>	<u><u>24.855.361</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

- verðbréfadeild

Eignir	Skýr.	2008	2007
Bankainnstæður og verðbréf			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		2.276.588	8.341.899
Verðbréf	1,3	201.774.786	137.983.824
		204.051.374	146.325.723
Eignir samtals		204.051.374	146.325.723
 Eigið fé og skuldir			
		2008	2007
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur		3.548.257	839.379
Skuld við innstæðudeild		1.245.928	7.078.150
		4.794.186	7.917.529
 Eigið fé			
Eigið fé	4	199.257.188	138.408.194
		199.257.188	138.408.194
Eigið fé og skuldir samtals		204.051.374	146.325.723

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2008 - verðbréfadeild

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2008	2007	
Tekjur umfram gjöld		60.848.994	24.855.361	
Breytingar á rekstartengdum eignum	(63.790.962)	(4.049.798)
Breytingar á rekstartengdum skuldum	(3.123.343)	(51.516.507)
Hækkun á handbæru fé	(6.065.311)	(30.710.944)
Handbært fé í ársbyrjun		8.341.899		39.052.843
Handbært fé í árslok		2.276.588		8.341.899

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
- b. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
- c. Árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun vegna fjárvörslu verðbréfaeignar námu 915 þús. kr. Viðskiptaþóknarir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

2. Framlög aðildarfyrirtækja

Samkvæmt lögum greiða ný aðildarfélög sérstaklega til deildarinnar í fimm ár eftir að þau hefja starfsemi og í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Á árinu 2006 bættust við þrjú ný aðildarfélög sem greiddu til deildarinnar á árinu.

3. Verðbréf

Verðbréf greinast þannig	2008	2007
Bankareikningar	1.857.829	199.382
Innlend skuldabréf	106.760.736	78.200.669
Erlend skuldabréf	86.588.564	46.465.739
Erlend hlutabréf	6.567.657	13.118.034
	<u>201.774.786</u>	<u>137.983.824</u>

4. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2008	2007
Eigið fé 1.1	138.408.194	113.552.833
Tekjur umfram gjöld	60.848.994	24.855.361
Eigið fé 31.12	<u>199.257.188</u>	<u>138.408.194</u>